

Ný matvælalöggjöf

og áhrif á fóðurfyrirtæki

Á tíunda áratug síðustu aldar komu upp tilfelli kúariðu og díoxínmengunar í matvælum í Evrópu. Orsök þessa var rakin til fóðurs og því þótti ástæða til að breyta matvælalöggjöfinni þannig að hún næði yfir allt matvælaferlið, frá fóðri og frumframleiðslu að matborði neytenda og tryggði þannig örugg matvæli.

Með innleiðingu nýrrar matvælalöggjafar verða nokkrar áherslubreytingar í eftirliti með framleiðslu, dreifingu og notkun fóðurs.

Fóðurfyrirtæki – víðtækari skilgreining

„Fóðurfyrirtæki“ er fyrirtæki sem starfar við framleiðslu, vinnslu, geymslu, flutning eða dreifingu fóðurs, þ.m.t. framleiðsla, vinnsla eða geymsla framleiðanda á fóðri handa dýrum á eigin bújörð, hvort sem fyrirtækið er rekið í ágóðaskyni eður ei og hvort sem það er einkarekið eða opinbert fyrirtæki.

Breytingar

- Hefðbundin íslensk bændabýli teljast nú til fóðurfyrirtækja
- Fyrirtæki eða einstaklingar, sem flytja eða geyma fóður eru fóðurfyrirtæki
- Hey- og byggframleiðendur og þurrkunarstöðvar falla undir skilgreininguna
- Þeir sem stunda búfjárhald og fóðra dýr til matvælaframleiðslu eru einnig fóðurfyrirtæki
- Fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur eru fóðurfyrirtæki og afurðir þeirra teljast fóður
- Fyrirtæki sem afhenda einhvern hluta framleiðslu sinnar (t.d. offramleiðslu, skilavöru) til fóðurfyrirtækis til notkunar í fóðurgerð er einnig fóðurfyrirtæki hvað varðar þá starfsemi
 - Fyrirtæki sem fram að þessu hafa talist fóðurfyrirtæki halda áfram að vera í þeim flokki.

Kröfur

Stjórnendur fóðurfyrirtækja skulu

- tilkynna Matvælastofnun um alla starfsemi fyrirtækis sem fellur undir skilgreiningu á fóðurfyrirtæki og fá hana skráða,
- eingöngu fá og nota fóður frá fyrirtækjum sem eru á opinberri skrá Matvælastofnunar yfir fóðurfyrirtæki,
- gera skriflega áætlun um innra gæðaeftirlit í hverri starfsstöð,
- fylgjast með örverufræðilegu ástandi fóðurs.

Rekjanleiki

Stjórnendur fóðurfyrirtækja skulu sjá til þess að hægt sé að rekja uppruna og magn fóðurs sem tekið er við og ákvörðunarstað og magn fóðurs sem er afhent. Komi fram galli eða hætta vegna einhverra fóðurefna þarf að vera hægt að rekja feril viðkomandi fóðurs og finna orsök vandans.

Ábyrgð

Stjórnandi fóðurfyrirtækis ber óskoraða ábyrgð á framleiðslu sinni og því að farið sé eftir kröfum laga og reglugerða í fyrirtæki undir hans stjórn. Hann er jafnframt ábyrgur fyrir hugsanlegum brotum á löggjöfinni um öryggi fóðurs.

... þú berð ábyrgð



Innra eftirlit

Fyrirtæki sem stundar hefðbundna ræktun á heyi, grænfóðri og/eða byggi eða annarri slíkrí frumfóðurframleiðslu, flytur það í hlöðu eða aðra geymslu til notkunar fyrir eigin bústofn og notar ekki aukefni eða forblöndur aukefna önnur en íblöndunarefni til votheysverkunar skulu uppfylla kröfur sem gerðar eru um hollustuhætti og skráningu vegna frumframleiðslu og fram koma í I. viðauka reglugerðar EB nr. 183/2005*.

Stjórnendur fóðurfyrirtækja skulu halda skrár með upplýsingum sem tengjast ráðstöfunum sem gerðar eru til að verjast hvers konar hættu við fóðurframleiðslu og meðhöndlun.

Skráning

Stjórnendur skulu einkum skrá:

- *alla notkun plöntuvarnarefna og sæfiefna (sóttvarnar- / rotvarnarefna),*
- *öll tilvik skaðvalda eða sjúkdóma sem koma upp og geta haft áhrif á öryggi fóðurvara,*
- *niðurstöður hvers kyns greininga, sem gerðar eru á sýnum, sem eru tekin úr fóðurvörum, eða öðrum sýnum sem eru tekin til sjúkdómsgreiningar,*
- *uppruna og magn fóðurs sem tekið er við ásamt ákvörðunarstað og magn fóðurs sem er afhent, til að tryggja REKJANLEIKA (eitt skref aftur og eitt skref fram).*

Kröfur

Áhersla er á öryggi fóðurs og kröfur eru m.a. gerðar um:

- *þrif og sóttþreinsun á aðstöðu og öllum búnaði sem fóður kemur nálægt,*
- *að stjórnendur fyrirtækja tryggi að fóður sé hreint og skilyrði við meðhöndlun þess sé hollustusamleg,*
 - *að notað sé hreint vatn,*
 - *að verjast skuli meindýrum og öðrum skaðvöldum og koma í veg fyrir að búfé valdi mengun í fóðri,*
 - *að úrgang og hættuleg efni skuli geyma aðskilin og á öruggan hátt,*
 - *að stjórnandi fóðurfyrirtækis skuli taka tillit til niðurstaðna hvers kyns greininga sem gerðar eru á sýnum úr fóðri.*

Kröfur við fóðrun dýra

Kröfur um góðar starfsvenjur við fóðrun dýra er í III. viðauka reglugerðar EB nr. 183/2005* um kröfur varðandi hollustuhætti fóðurs. Þar eru ákvæði varðandi beit, gripahús og fóðurgjafarbúnað, fóðrun, vatn og brynningarbúnað og starfsfólk.

Krafa er gerð um regluleg þrif og geymslu hreinsi- og sóttþreinsiefna, meindýravarnir og að fóður og undirburður sé fjarlægður reglulega. Fóðrunarkerfi skal tryggja að rétt fóður sé gefið á réttum stað. Sá sem ber ábyrgð á fóðrun og hirðingu dýra skal búa yfir tilskilinni kunnáttu, þekkingu og hæfni. Fyrirtæki þurfa að gera skriflega áætlun um innra eftirlit svo þeir geti sýnt starfsmönnum Matvælastofnunar fram á að þeir fullnægi kröfum sem gerðar eru.

Samþykkt fóðurfyrirtæki

Öll önnur starfsemi fóðurfyrirtækja, en frumframleiðsla og fóðrun, fellur undir ákvæði II. viðauka reglugerðar EB nr. 183/2005* um kröfur varðandi hollustuhætti fóðurs. Þar er krafa gerð um að stjórnandi fyrirtækisins komi á og viðhaldi skriflegu innra gæðakerfi sem byggist á HACCP meginreglunum (greining áhættu og mikilvægir stýrirstaðir).

Ný reglugerð um hollustu og öryggi fóðurs gildir ekki um:

- *framleiðslu fóðurs til einkanota á heimilum eða fóðrun:*
 - *dýra sem alin eru til matvælaframleiðslu til einkaneyslu.*
 - *dýra sem ekki eru alin til matvælaframleiðslu.*
- *afhendingu lítills magns af fóðri til nágretta sem notar það á sínu eigin býli.*